



# Algengustu tjónin í Reykjavík árið 2003

**SJÓVÁ  ALMENNAR**

## Algengustu tjónin í Reykjavík árið 2003

Á undanförunum árum hefur tjónum í Reykjavík fjölgað verulega. Árið 2003kjartan voru 72.5% skráðra tjóna hjá Sjóvá-Almennum á Höfuðborgarsvæðinu, þar af 53.7% í Reykjavík. Eflaust er skýringuna að finna í umferðarpunganum í Reykjavík og því að gatnakerfið nær ekki að flytja umferðina á álagstímum. Sjóvá-Almennar tryggingar létu greina hvar tjónin verða helst í Reykjavík og jafnframt hvers konar tjón eru algengust. Í þessari samantekt er m.a. vísað til skýrslu sem gerð var á fjölda tjóna á Miklubraut fyrir árin 1994-1999.

Á tímabilinu 1995 – 2003 voru skráð tjón hjá Sjóvá-Almennum í Reykjavík 22.564 talsins og í þeim slösuðust 3.653 einstaklingar og 49.641 bílar skemmdust.

Ár	upphæðir	Fjöldi	Slasaðir
1995	311.567.650	1.216	308
1996	480.666.847	1.178	294
1997	529.406.951	1.219	240
1998	747.841.835	1.710	339
1999	1.231.046.715	3.127	482
2000	1.280.040.472	4.112	489
2001	1.258.107.455	3.802	552
2002	1.584.296.148	3.397	531
2003	1.262.731.312	2.803	418
	8.685.705.385	22.564	3.653

Tafla 1.

Greiðslur úr ábyrgðartryggingum ökutækjanna voru tæpir 8.7 milljarðar króna. Auk þeirra voru greiðslur úr tjónum í kaskótryggingu 1.456 milljónir króna í 6.378 tilfellum. Þessir aðilar greiddu sjálfir hluta tjónsins með eigin áhættu að upphæð 510 milljónir króna. Í rúmlega 16 þúsund tilfellum þurftu tjónvaldar að bera sitt tjón sjálfir. Meðaltjón tjónvalda úr kaskó er 228 þúsund krónur þegar eigin áhætta hefur verið dregin frá. (meðal eigin áhætta er 80

þúsund kr.) Þeirra þáttur er því gróflega áætlaður um 4.9 milljarðar króna. Þessar tölur eru samtals tæpir 15.6 milljarðar króna. Þá eru ótalin tjón úr öðrum ökutækjatrýggingum, s.s. framrúðu- bruna- eða hálfkaskótryggingu. Ef Markaðshlutdeild félagsins er tekin með, má reikna með að heildartjón tryggingafélaganna fyrir þessi 9 ár í Reykjavík einni séu 44.8 milljarðar króna. Þá er ótalin samfélagslegi kostnaðurinn og þau tjón sem ekki eru tilkynnt til tryggingafélaganna.

Á töflu 1 hér að ofan sést að mikil fjölgun tjóna hefur átt sér stað fram til ársins 2000. Eftir það hefur tjónunum fækkað. Reynar náði slysfjöldinn hámarki 2001. Þessi aukning til ársins 2000 er langt umfram fjölgun bílaflotans.

Kodi	Fjöldi tjóna				Skemmdir			Slysa	hlutf.all
	Hlutfall	Upphæðir	Meðaltjón	bílar	Slasaðir	tíðni	Slasaðra		
Bakkað á	906	32,2%	120.883.831	133.426	1817	3	0%	1%	
Aftanákeyrsla	762	27,1%	557.523.164	731.658	1617	219	29%	52%	
Kyrrstætt	394	14,0%	102.192.372	259.372	818	26	7%	6%	
Forgangur	285	10,1%	120.224.301	421.840	581	26	9%	6%	
Akreinaskipti.	114	4,1%	35.550.699	311.848	235	10	9%	2%	
Umferðarljós	103	3,7%	121.161.065	1.176.321	212	54	52%	13%	
Vinstri beygja	58	2,1%	52.750.639	909.494	120	18	31%	4%	
Hurð opnuð.	34	1,2%	4.396.042	129.295	68	1	3%	0%	
Óvarðir	30	1,1%	52.443.208	1.748.107	43	28	93%	7%	
Hægri beygja	20	0,7%	12.749.234	637.462	41	3	15%	1%	

Tafla 2.

Ef skoðaðar eru helstu ástæður umferðaróhappanna, sést að í langflestum tilfella voru það bakktjón eða í tæplega þriðja hvert sinn. Einungis 3 voru skráðir slasaðir eftir bakktjón hjá félaginu. Í öðru sæti eru aftanákeyrslur um 27.1% Þar voru líka flestir slasaðir eða 219 manns. Slysatiðnin í aftanákeyrslunum hefur aukist undanfarin ár og er orðin núna 29%. Aftanákeyrslur eru orðnar mjög stór hluti af þeim 418 manns sem voru skráðir slasaðir hjá Sjóvá-Almennum eða 52%. Slysatiðnin er hins vegar hæst þegar óvarðir vegfarendur eiga í hlut eða 93%. Hún er einnig nokkuð há þar sem árekstrar verða við ljósastýrð gatnamót, eða 52%. Meðaltjónið varpar einnig ljósi á þetta því það er mælikvarði á alvarleika slyssanna. Þessar tölur miðast við tjón skráð hjá Sjóvá-Almennum.

### Tjónahæstu gatnamótin í Reykjavík

Það er ljóst að gatnamótin á Miklubraut eru efst á blaði þegar skoðaðar eru tölur Sjóvá-Almennt yfir tjónahæstu gatnamótin.

Nr.	Gata 1	Gata 2	Fjöldi	Slasaðir
1	Miklabraut	Kringlumýrarbraut	33	12
2	Reykjanesbraut	Smiðjuvegur	24	7
3	Snorrabraut	Miklabraut	23	11
4	Reykjanesbraut	Bústaðavegur	20	8
5	Miklabraut	Grensásvegur	16	11
6	Kringlumýrarbraut	Listabraut	13	0
7	Kringlumýrarbraut	Laugavegur	12	2
8	Miklabraut	Réttarholtsvegur	11	0
9-15	Kringlumýrarbraut	Bústaðavegur	10	10
9-15	Hringbraut	Njarðargata	10	1
9-15	Kringlumýrarbraut	Háaleitisbraut	10	1
9-15	Langahlíð	Miklabraut	10	1
9-15	Grensásvegur	Suðurlandsbraut	10	4
9-15	Háaleitisbraut	Miklabraut	10	0
9-15	Bæjarháls	Höfðabakki	10	11

Á listanum yfir 15 tjónahæstu gatnamótin eru 6 gatnamót á Miklubrautinni eða 103 af 222 tjónum á 15 tjónahæstu gatnamótunum eða um 46% tjónanna. Algengust eru tjónin á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Þó er ekki um fjölgun á tjónum að ræða á þeim gatnamótum eins og

Tafla 4.

flestum öðrum. Um þau gatnamót fara næst flestir bílar á sólarhring. Þar slósuðust einnig flestir eða 12 einstaklingar.

Það kom hins vegar á óvart að næst flestu tjónin urðu á gatnamótum Smiðjuvegar/ Stekkjarbakka og Reykjanesbrautar. Þessi gatnamót höfðu verið í 16-18 sæti árið áður. Miklar framkvæmdir voru á þessum gatnamótum mest allt árið og skýrir það væntanlega tjónaaukninguna. Óvenju hátt hlutfall tjónanna þar voru rakin til akreinaskipta. Af þessu má draga þann lærdóm að þegar verið er að vinna við slíkar stórfarmkvæmdir á umferðarmiklum gatnamótum er mjög mikilvægt að huga að góðu skipulagi og vönduðum merkingum, ekki síst að þær komi tímanlega. Hugsanlega þarf að vera öflugra eftirlit með hraðanum, en þarna var hraðinn settur niður en þær reglur ekki virtar af mörgum.

Nokkur fækkun hefur orðið á tjónum á gatnamótum Grensásvegar og Reykjanesbrautar eða um 23%. Þau gatnamót voru í 2. sæti árið 2002. Stærsta vandamálið þar eru aftanákeyrslur sem eru um 80% tjónanna.

Gatnamót Snorrabrautar/Hringbrautar/Bústaðavegar og Miklubrautar eru enn í 3. sæti og þar hefur nokkur aukning orðið á tjónum eða um 21%.

Nokkur fækkun hefur orðið á tjónum á gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar eða um 41% milli ára.

Það vekur nokkra furðu hve tjónum hefur fjölgað á mislægum gatnamótum Miklubrautar og Skeiðarvogs og eru þau gatnamót komin á topp 10 listann aftur. Flest tjónanna þar verða á fráreinum niður að Miklubraut og eru aftanákeyrslur. Hugsanleg skýring er sú að

búið er að auka hraðann á Miklubraut upp í 80 km/klst og það valdi auknu hiki þeirra sem ætla að fara inn á og þeir sem fyrir aftan eru lendi því aftan á. Þetta sýnir okkur að ekki veitir af því að fræða ökumenn um það hvernig á að nota fráreinar rétt. Hin tjónin á þessum gatnamótum verða ofan á brúnni á umferðarljósunum þar sem menn virða ekki rauða ljósið.

Um 80% tjónanna á þessum gatnamótum voru aftanákeyrslur sem flestar urðu við aðreinar. Við nánari greiningu þessara tjóna kom í ljós að flest þeirra urðu fyrir breytingu gatnamótanna og á aðreininni frá Reykjanesbraut til norðurs og inn á Miklubraut til vesturs. Þar var í raun engin aðrein fyrir breytingu gatnamótanna og aftanákeyrslur mjög tíðar. Nokkuð var um árekstur við akreinaskipti og þá oft þar sem ökumenn voru að skipta um akreina á síðustu stundu til að komast inn á frárein og einnig þegar ökumenn reyndu að komast inn á aðalgötuna af aðreininni.

Af 15 tjónahæstu gatnamótunum eru aftanákeyrslur algengustu tjónin í 14 þeirra. Það eru einungis gatnamót Grensásvegur og Suðurlandsbrautar sem skera sig úr en þar eru 40% tjóna af völdum þess að ökumenn virða ekki rauða ljósið.

### Tjónahæstu götukaflarnir í Reykjavík

Það er ljóst að árekstrar verða langoftast við gatnamót í Reykjavík. Til að sýna fram á þetta voru teknir tjónahæstu götukaflar í Reykjavík og sést þá greinilega að tjón eru mun fátíðari á götuköflum milli gatnamóta. Stöku sinnum getur verið erfitt að dæma um hvort tjónið verði á götukafla eða gatnamótum. Megin reglan er sú að verði tjónið á eða við gatnamót, t.d. í röð bifreiða sem bíða eða eru að hægja ferð við gatnamót, teljist tjónið tengjast eðli gatnamótanna. Á þann hátt verða margar aftanákeyrslur vegna þess að umferð hægir á sér vegna forgangsreglna á gatnamótum. Miklubraut er með flestu götukaflana þar sem tjón verða. Það er einkennandi fyrir tjónin í þessum flokki og tjónin á gatnamótunum, að flestu tjónin verða á stofnbrautum borgarinnar. Þar er jú umferðin mest og hröðust og að líkindum mesta „stressið” í umferðinni. Þá má einnig leiða hugann að því hvort stofnbrautirnar anni þeirri umferð sem þeim er ætlað að flytja.

### Tjónahæstu göturnar í Reykjavík

	Götur	Gatnamót	Bílastæði	Fjöldi	Slasaðir
<b>Miklubraut</b>	68	130	1	199	64
<b>Bústaðavegur</b>	47	96	1	144	69
<b>Kringlumýrarbraut</b>	25	104	0	129	33
<b>Hringbraut</b>	56	66	7	129	32
<b>Reykjanesbraut</b>	56	57	0	113	40
<b>Grensásvegur</b>	27	42	8	77	24
<b>Háaleitisbraut</b>	21	41	14	76	9
<b>Sæbraut</b>	25	47	1	73	25
<b>Laugavegur</b>	28	16	21	65	6
<b>Vesturlandsvegur</b>	48	13	1	62	19

Í töflu 5 eru sum tjónin tvítalin ef viðkomandi götur skarast. Ef tekin eru öll tjón sem verða á götum Reykjavíkur kemur í ljós að Miklubrautin nýtur þess vafasama heiðurs að þar

Tafla 5.

verða mestu tjónin, tæplega 200 tjón hjá einu tryggingafélagi, Sjóvá-Almennum. Í heildina má gera ráð fyrir tæplega 600 tjónum ef reiknað er út frá markaðshlutdeild. Upphæðin er um 318 milljónir eða tæpur milljarður ef tjón annarra tryggingafélaga eru talin með. Flest tjónin á Miklubraut verða á götunni sjálfri. Það sama á við Kringlumýrarbraut. Við aðrar götur er mikið af bílastæðum og þau tjón eru meðtalin í töflunni.

Bústaðavegur er í öðru sæti og fjölgaði tjónum um 21% milli ára. Kringlumýrarbrautin í þriðja sæti með 8% aukningu milli ára. Hringbrautin er hástökkvarinn í fjórða sæti árið 2003 en tjónum fjölgaði þar um tæp 54% milli ára. Reykjanesbrautin er í fimmta sæti og aukningin milli ára er 23% eða svipað og á Grensásvegi.

Á Bústaðavegi slasast flestir eða 69 manns og Miklabraut er með 64 slasaða einstaklinga. Ef þessar tölur eru framreiknaðar út frá markaðshlutdeild félagsins þá má gera ráð fyrir að um 190-200 manns séu að slasast á hvorri þessara gatna. Það þýðir að einstaklingur slasast að meðaltali annan hvern dag allt árið á hvorri götunni.

### Tjónahæstu bílastæðin í Reykjavík

Tjón á bílastæðum eru oftast minni háttar og má nærri geta að mörg þeirra séu aldrei

Bílastæði	Fjöldi
Kringlan 8-12	36
Háaleitisbraut 68	7
Hagkaup Skeifunni	6
BSÍ	5

tilkynnt til tryggingafélaga. Skv. könnunum eru 25% tjóna ekki tilkynnt til þeirra. Þetta eru litlu tjónin. Það er engu að síður athyglisvert að skoða hvar þessi tjón verða aðallega. Í töflu 6. er listi yfir algengustu staðina. Það kemur ekki á óvart að þau verða við stærstu verslunarmiðstöðvarnar í

Tafla 6.

Reykjavík. Það er hins vegar umhugsunarvert hvort ekki sé þörf á e-k. stöðuvörðum við þær stærstu til

að aðstoða ökumenn við að aka. Hugsanlega má bæta merkingar á akstursleiðum. Það mætti líka vara ökumenn við er þeir aka inn á bílastæðin að gæta ítrustu varkárni og að það sé líkur á að þeir lendi í að bakka á annan bíl, og því séu þeir beðnir um að aka með mikilli gát. Skráð voru 12 tilfelli þar sem einstaklingur slasaðist inni á bílastæði. Í þriðjung þeirra var ekið á eða bakkað á gangandi eða hjólandi vegfarendur á bílastæðinu.

### Kostnaður við tjón í Reykjavík

Það er áhyggjuefni hvað stofnbrautirnar í gatnakerfinu í Reykjavík eru að valda miklum tjónum. Ef skoðaðar eru tjónatölurnar út frá umferðarmagni skv. Umferðargreinum

Gata	Tjónsstuðull
Háaleitisbraut	2,21
Miklabraut	1,36
Sæbraut	0,78
Kringlumýrarbraut	0,53
Ártúnsbrekka	0,02

Reykjavíkurborgar þá er tjónatiðnin mest á Háaleitisbraut og minnst í Ártúnsbrekku. Enginn umferðargreinir er á Reykjanesbraut.

Tjónsstuðullinn er fenginn með því að bera saman fjölda tjóna við umferðarmagnið á hverri götu.

Ekki er víst að slíkt gefi alveg rétta mynd því umferðargreinir gefur upp umferðarmagnið á þeim stað sem hann er, en það segir ekki endilega um það hvort umferð sé meiri eða minni á öðrum

Tafla 7.

stöðum á þeirri götu. Þetta er þó ákveðin vísbending um að göturnar séu ekki allar jafn öruggar hvað umferðaröryggi varðar.

Reykjavík 30. ágúst 2004.



Einar Guðmundsson  
forvarnafulltrúi